

Vígfús Þór Hróbjartsson,
fulltrúi skipulags- og byggingarmála
Klausturvegur 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 30. október 2013
Tilvísun: UST20131000016/ksj


Tillaga að deiliskipulagi á Giljalandi Skaftárhreppi

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála Mýrdals – og Skaftárhreppi er barst 1. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á hluta lögbýlisins Giljaland í Skaftárhreppi. Tillögun svæðið er um 4,6 ha að stærð og er svæðið þegar byggt. Áætlað er að reisa þar íbúðarhús, sumarhús og tvö ferðapjónustuhús ásamt vélageymslu. Á svæðinu er nokkur skógrækt.

Í greinargerð koma fram nokkuð skýrir skilmálar fyrir deiliskipulagið. Á tilvonandi framkvæmdasvæði eru ekki svæði á náttúruminjaskrá. Náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar og falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 er ekki að finna á svæðinu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun